



Alþingi
Erindi nr. **P 131/966**
komudagur 4. 3. 2005

4. mars 2005
SI-21413

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ársreikninga, 480. mál, EES-reglur, reikningsskilastaðlar.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra ákvæða frumvarpsins er varða gerð ársreikninga enda utan lögbundins hlutverks hans og hann ræður ekki yfir sérþekkingu til þess. Hins vegar bendir bankinn á að óhagkvæmt gæti reynst að skipta eftirliti með reikningsskilum skráðra félaga á milli Fjármálaeftirlitsins og Ársreikningaskrár eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá má benda á hættu á að eftirlit með reikningsskilum verði ómarkvisst þar sem beinar refsheimildir eftirlitsaðila er ekki að finna í frumvarpinu.

Seðlabankinn telur eðlilegt og rökrétt að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga sem þegar sæta eftirliti af þess hálfu á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Bankinn leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði að auki falið eftirlit með reikningsskilum allra annarra skráðra félaga og félaga sem kunna að kjósa að nýta sér heimild til beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Óhagkvæmilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi innan sinna raða starfsfólk með sérþekkingu á sviði reikningsskila og alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS staðla). Óhagkvæmt og kostnaðarsamt er að áskilja að vegna eftirlits með reikningsskilum þurfi sú sérfræðiþekking einnig að vera til staðar í annarri ríkisstofnun, Ársreikningaskrá. Fjármálaeftirlitið er aðili að og tekur þátt í störfum CESR (e. Committee of European Securities Regulators) en hlutverk nefndarinnar lýtur m.a. að mótun sameiginlegrar stefnu ESB landanna við að framfylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Einnig má benda á hættu á að mismunandi aðferðum verði beitt við eftirlitið og að viðbrögð við brotum verði ólík þegar tvær stofnanir sjá um eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga. Þvi yrði bæði hagkvæmara og markvissara að eftirlitlitið yrði á einni hendi, þ.e. hjá Fjármálaeftirlitinu, enda verði tryggð fjármögnun með eftirlitsgjaldi, sbr. 51. gr. frumvarpsins.


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabankinn bendir einnig á að ekki er gert ráð fyrir viðurlagaheimildum eftirlitsaðila í tengslum við eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga, en í frumvarpinu er vísað til 1. tl. 1. mgr. 84. gr. nágildandi laga um ársreikninga sem fjallar um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga ef þeir haga reikningsskilum ekki í samræmi við lög. Í 88. gr. 1. 144/1994 um ársreikninga segir að ríkislögreglustjóri fari með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögnum. Þetta leiðir til þess að eftirlitsaðilinn þyrfti að vísa málum vegna brota á lögnum til ríkislögreglustjóra til rannsóknar og afgreiðslu. Það er bæði tafsamt og mannaflafrekt.

Seðlabankinn telur því að huga verði að heimildum til þess að beita fjársektum líkt og Fjármálaeftirlitið hefur heimild til á afmörkuðum sviðum í eftirliti á verðbréfamarkaði.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Jón Sigurðsson
bankastjóri